

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð hjónanna Þor- **145**
bjargar Stefánsdóttur og Björns Jónssonar hreppstjóra á Veðramóti í Skarðshreppi, 30. ágúst
útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 30. ágúst 1957.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð hjónanna Þorbjargar Stefánsdóttur og Björns Jónssonar
hreppstjóra á Veðramóti í Skarðshreppi.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður hjónanna Þorbjargar Stefánsdóttur og Björns
Jónssonar hreppstjóra á Veðramóti. Sjóðurinn er stofnaður af börnum þeirra hjóna til
minningar um þau á 100 ára afmæli Þorbjargar Stefánsdóttur, 28. september 1955.

2. gr.

Hlutverk sjóðsins er að styrkja skógrækt í Skarðshreppi í Skagafjarðarsýslu,
þegar hafin verður, á þann hátt er nánar getur í skipulagsskrá þessari.

Nú verður ekki hafin skógrækt innan Skarðshrepps áður en á að koma styrk-
veiting úr sjóðnum, og skulu styrkir úr honum þá veittir til skógræktar annars
staðar innan Skagafjarðarsýslu, þar sem stjórn sjóðsins álitur best henta.

3. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 15350.00 — fimmtán þúsund þrjú hundruð og fimmtíu
krónur.

Gjafir og áheiti, er sjóðnum berast, skal leggja við höfuðstól sjóðsins, en hann
skal ávaxtaður í sparissjóði Sauðárkróks og leggjast allir vextir við höfuðstólinn un-
z hann nemur 25 þúsund krónum.

4. gr.

Þegar höfuðstóll sjóðsins hefur náð framangreindri upphæð, má árlega verja
úr honum $\frac{2}{3}$ hlutum ársvaxta til þess að styrkja skógrækt innan Skarðshrepps.
Þegar höfuðstóllinn er orðinn 50 þúsund krónur má verja allt að $\frac{4}{5}$ hlutum árs-
vaxtanna til framangreindrar styrktarstarfsemi. Afgangur ársvaxta skal lagður
við höfuðstólinn þar til stjórn sjóðsins álitur tímabært að öllum árlegum vöxtum
skuli varið til styrktarstarfseminnar. Höfuðstóllinn má aldrei skerða.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 3 menn, þ. e. sýslumaðurinn í Skagafjarðarsýslu, hrepps-
nefndaroddviti Skarðshrepps og sá afkomandi framangreindra hjóna, búsettur innan
Skagafjarðarsýslu eða Sauðárkrókskaupstaðar, er sýslunefnd tilnefni og á afkom-
andi heimilisfastur innan Skarðshrepps forgangsrétt til tilnefningar.

Nú er enginn afkomandi hjónanna innan framangreindra takmarka og kýs þá
sýslunefnd þriðja stjórnarnefndarmanninn.

Sýslumaður skal vera formaður stjórnarinnar, sem skiptir störfum með sér að
öðru leyti.

145 Sjóðstjórn gerir tillögur til styrkveitinga úr sjóðnum, en sýslunefnd tekur end-
30. ágúst anlega ályktun um þær á aðalfundi sínum.

6. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Sjóðstjórnin hefur með höndum reikningshald sjóðsins og er ábyrg fyrir eignum hans. Skulu ársreikningar sjóðsins lagðir fyrir aðalfund sýslunefndar til yfirskoðunar og úrskurðar. Sjóðstjórnin heldur gerðabók og ritar í hana fundargerðir sínar og ársreikninga sjóðsins og annað, er henni þykir henta.

7. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Sauðárkróki og Reykjavík í júlímánuði 1957.

Sig. Á. Björnsson. Jón Þ. Björnsson. Björg Björnsdóttir.
Heiðbjört Björnsdóttir. Sigurlaug Björnsd.
Har. Björnsson. Guðm. M. Björnsson.

146

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Dalhoffslegats árið 1956.

Tekjur:

1. Eign í ársbyrjun:			
a. Veðdeildarbréf	kr.	1200.00	
b. Innstæða í Landsbanka Íslands	—	9718.58	
			kr. 10918.58
2. Vextir:			
a. Af veðdeildarbréfum	kr.	60.00	
b. — innstæðu í Landsbanka Íslands	—	585.76	
			kr. 645.76
			Kr. 11564.34

Gjöld:

Eign í árslok:			
a. Veðdeildarbréf	kr.	1200.00	
b. Innstæða í Landsbanka Íslands	—	10364.34	
			kr. 11564.34
			Kr. 11564.34

Biskups Íslands, Reykjavík, 14. janúar 1957.

Ásmundur Guðmundsson.